

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Borgartúni 26

105 Reykjavík

Kópavogur, 17. júní 2025

Efni: Umsögn Hellnaskers, hugveitu í sjálfbærni um Frumvarp til laga um loftslagsmál

Inngangur

Hellnasker, ung hugveita á sviði sjálfbærni og umhverfismála, fagnar framlagningu frumvarpsins sem mikilvægu skrefi í mótun heildstæðrar loftslagsstefnu. Hugveitan leggur þó ríka áherslu á að lagasetning skili raunverulegum breytingum – einkum með skýrari ábyrgð fyrirtækja á losun, fjárhagslegum hvötum til að innheimta samfélagslegan kostnað losunar, og aukinni þekkingu í loftslagsvísindum. Helstu atriði umsagnarinnar eru eftirfarandi:

Réttlát umskipti: Ekki bara markmið heldur ferli

Við fögnum því að hugtakið "réttlát umskipti" fái pláss í frumvarpinu. Hins vegar vantar skýrari útlistun á því hvernig stjórnvöld hyggjast tryggja þátttöku ólíkra hópa, sér í lagi þeirra sem standa veikt í samfélaginu, í stefnumótun og innleiðingu aðgerða. Við leggjum til:

- Skilyrði fyrir virka samráðsvinnu við sveitarfélög, verkalyðsfélög, ungmenna, innflytjendur og þá sem standa veikt á vinnumarkaði
- Að réttlát umskipti verði skilgreind sem ferli með mælikvörðum, verklagi og ábyrgðaraðilum
- Að menningarleg gildi séu hluti af umbreytingunni, þar sem hugtök eins og **nægjusemi** (orðið kemur ekki fyrir í lögum) og samábyrgð fái sess sem drifkraftur í umræðu um velsæld og gildi.

Hellnasker hvetur til þess að frumvarpið skilgreini með skýrum hætti hvernig skammtíma, miðlungs- og langtímamarkmið um losun og kolefnisbindingu verði mæld, endurskoðuð og innleidd með ábyrgð. Nauðsynlegt er að tryggja að þessi markmið séu ekki aðeins til staðar sem yfirlýsingar, heldur tengd aðgerðaáætlunum og árlegri eftirfylgni. Markmið án mælikvarða og ábyrgðaraðila eru innihaldslaus. Sérstaklega þarf að tryggja að skammtímamarkmið séu nægilega metnaðarfull til að bregðast við vaxandi loftslagstengdum áhættuþáttum á næstu árum.

Loftslagsbókhald og ábyrgð stórlosenda

Frumvarpið innleiðir ítarlegar kröfur um viðhald losunarbókhalds (III. kafli), til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt loftslagssamningum. Samkvæmt 6. gr. ber Umhverfis- og orkustofnun ábyrgð á að halda bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisbindingu. Í frumvarpinu er því lagt undir stjórnarsýslustofnanir söfnun og skýrslugjöf losunargagna en fyrirtæki bera ekki neina sjálfstæða lagalega skyldu til að draga úr eða skýrslugjöf um eigin losun. Hellnasker telur nauðsynlegt að lagasetningin verði skýrari gagnvart stórlosendum.

Skyldur stórlosenda – markmið og aðgerðir

Skylda	Tímasetning	Tengt framkvæmd
Setja losunarmarkmið	Skammtíma (t.d. 2027), miðlungs (2030), langtíma (2040)	Í samræmi við Parísarsamninginn og kolefnishlutleysi Íslands
Skila opinberri árlegri losunarskýrslu	2x á ári	Með upplýsingum um Scope 1, 2 og 3
Gera aðgerðaráætlun	Uppfærð reglulega	Nákvæm útfærsla á skrefum, mælikvörðum og ábyrgðaraðilum
Mæla losun í virðiskeðju	Samfelld gögn frá rekstri og birgjum	Stuðlar að gagnsæi, ábyrgð og samræmi við alþjóðleg viðmið (t.d. GHG Protocol)
Birta markmið opinberlega	Fyrir almenning og hluthafa	Stuðlar að gagnsæi og trúverðugleika

Stofnanir ættu ekki einungis að geta krafist upplýsinga, heldur ættu fyrirtæki sem bera ábyrgð á verulegri hlutdeild af losun landsins (t.d. yfir 20.000 tonnum CO₂-ígilda árlega) að vera skuldbundin til markvissra loftslagsaðgerða. Slíkar aðgerðir gætu falið í sér sett markmið um samdrátt í samræmi við Parísarsamninginn, árlega opinbera losunarskýrslu og framkvæmd aðgerðaráætlunar um minnkun losunar í eigin starfsemi og virðiskeðju. Án skýrra heimilda til hertar eftirfylgni verður erfitt að ná árangri, þar sem skiptar upplýsingar eru um losun frá grunninum og engin almenn regla um að stórfyrirtæki axli ábyrgð á tjóni sínum.

		Hagnaður f. skatta 2023	Arðsemi eiginfjár f. skatta 2023	Losun tCO2i 2022	Losun tCO2i 2023	Losun tCO2i 2024	Breyting 23/24	%	Tjón - kostnaður 2024 [milljónir]
1	Icelandair	1.075	3%	951.572	1.114.297	1.167.660	53.363	5%	29.192
2	Play	-6.269	-115%	151.722	274.394	289.525	15.131	6%	7.238
	Flug samtals:	-5.194		1.103.294	1.388.691	1.457.185	68.494	5%	36.430
1	Alcoa	4.983	3%	534.179	573.268	567.354	-5.914	-1%	14.184
2	Norðurál	-7.264	-5%	513.251	515.782	489.138	-26.644	-5%	12.228
3	Elkem	3.861	9%	458.215	423.147	462.073	38.926	9%	11.552
4	ISAL	-927	-1%	314.683	319.994	311.133	-8.861	-3%	7.778
5	Eimskip	9.896	21%	306.316	277.316	280.019	2.703	1%	7.000
6	Samskip	291	9%	214.472	192.518				0
7	PCC BakkiSilicon			265.931	148.294	281.521	133.227	90%	7.038
8	HS-Orka	1.783	6%	94.738	92.064	136.227	44.163	48%	3.406
9	Brim	1.191	16%	71.119	73.341	81.997	8.656	12%	2.050
10	Síldarvinnslan	12.722	15%	72.455	66.213	77.652	11.439	17%	1.941
11	Orkuveita Reykjavíkur	6.780	3%	49.200	51.820	53.000	1.180	2%	1.325
12	Landsvirkjun	46.619	14%	42.122	44.348	45.139	791	2%	1.128
13	Samherji	10.910	14%	37.712	43.332				0
14	Ísfélag	6.672	21%	35.342	42.706				0
15	Vinnslustöðin	5.853	42%	35.208	37.808	31.008	-6.800	-18%	775
16	Eskja	2.855	15%	26.133	21.978				0
17	FISK	3.683	11%	21.764	20.134				0
	Samtals:	109.908	12%	3.092.840	2.944.063	2.816.261	192.866		70.407
	Alls - flug og iðnaður:	104.714	5%	4.196.134	4.332.754	4.273.446	261.360		106.836

Stóru fyrirtækin tuttugu verða að sýna ábyrgð, þau eiga 2/3 af losun Íslands fyrir utan flug. Loftslagsbókhald er lélegt en það er grunnur fyrir vinnu við kolefnishlutleysi. Fá eru með losunarsvið 3 í lagi og skulda að segja frá [tæplega 9 milljón](#) tonnum af CO2. Engar aðgerðaráætlanir sýnilegar.

Í [Sjálfbærnivísi PwC 2024](#), loftslagsstarfi íslenskra fyrirtækja segir: Enn eru of fá fyrirtæki sem leggja sitt af mörkum í þágu loftslagsmála. Aðeins eitt af [50 stærstu](#) fyrirtækjum landsins nær að draga úr losun í samræmi við Parísarsamkomulagið. Réttlát umskipti snúast um að allir taki þátt í vinnunni framundan.

[Eftirfylgni stjórnvalda](#) þarf að vera meiri. Stjórnvöld hafa verið allt of hliðholl atvinnulífinu og myndað skjaldborg um fyrirtækin. Hagnaður fyrir skatta hjá fyrirtækjunum var rúmlega 250 milljarðar árið 2022. Þau [menga](#) á daginn og grilla á kvöldin.


Samfélagslegur kostnaður vegna losunar og mengunarbætur

Loftslagsbreytingar hafa viðvarandi samfélagslegt tjón, sem einkum bitnar á almenningi og komandi kynslóðum. Alþjóðlegar rannsóknir hafa bent á að íbúum vestan hafs nemi raunverulegur meðalkostnaður losunar um [\\$185 á hvert tonn](#) CO₂. Þess vegna er ljóst að stjórnvöld þurfa að tryggja að þessi kostnaður falli ekki eingöngu á almenninginn heldur verði innheimtur beint hjá mengunaraðilum. Hellnasker leggur til að frumvarpið feli í sér skýrari

fjárhagsleg hvatakerfi í anda mengunarbótareglunnar: Til dæmis með kolefnisskatti eða bótakerfum sem leggja gjald á hverja einingu losunar í samræmi við raunveruleg áhrif. Einnig þarf að tryggja gagnsæi í útdeilingu losunarheimilda og kolefnisjöfnun, þannig að hvatar lendi á þeim sem auka mengun. Markmið laganna um loftslagsréttlæti krefst þess að sá sem veldur mestu umhverfistjóninu greiði viðeigandi hluta kostnaðar við að bregðast við því (sbr. markmið 1. og 4. gr.).

Vísindalegar rannsóknir og þátttaka Íslands í AMOC-rannsóknum

Í frumvarpinu er veitt áhersla á vísindalegan grunn stefnumótunar í VI. kafla. Samkvæmt 16. gr. eiga að verða unnar reglulegar samantektarskýrslur um stöðu loftslagsvísinda. Hellnasker hvetur til þess að þarna verði sérstaklega tryggð veita íslenskra vísinda aukið vægi. Íslensk þátttaka í rannsóknum á Atlantshafs-veltihringrásinni (AMOC) er mjög mikilvæg vegna hugsanlegra skammtímaáhrifa á loftslag Íslands. Ástand AMOC-rannsókna og áhættuþátta þarf að skoða sem hluta af lagasetningu, til að Ísland geti brugðist við snúningspunktum (e. tipping points) í hafinu. Hafrannsóknir og langtímarannsóknir á veður- og hafkerfum þurfa að fá eyrnamerkt fjárframlag, sbr. heimild 16. gr., sem tryggi markvisst aukið fjármagn til undirstöðuvísinda. Slíkt framtak myndi styðja við áætlanir um land- og sjávarvistkerfi og gera Ísland að virkum þátttakanda í alþjóðlegu vísindasamstarfi um AMOC og aðra mikilvæga loftslagsþætti.



Mynd tekin af Wikipedia um norðurhluta AMOC-veltihringrásinnar.

Þjóðaráttak í náttúruvernd og vernd líffræðilegrar fjölbreytni

- Skýr stefnumörkun um vistkerfi og tegundavernd
- Þjóðaráttak í náttúruvernd með samvinnu á milli ólíkra aðila
- Markviss vinna að **að minnsta kosti 30x30 markmiðinu** – vernda **að minnsta kosti 30%** lands og hafs fyrir 2030
- Innlíming vistkerfisáættu í skýrslugjöf
- Stuðningur við framleiðslu og neyslu **vottaðra vara** sem vernda líffræðilega fjölbreytni og kolefnisspor

Ákall til stjórnvalda

Hellnasker hvetur stjórnvöld eindregið til að auka ábyrgð stórlosenda, styrkja vísindarannsóknir og innheimta samfélagslegan kostnað loftslagslosunar þegar stefnumótun fer fram. Í samræmi við markmið 1. gr. um kolefnishlutleysi og 4. gr. um samræmdar loftslagsstefnur þarf að:

- **Skýr ábyrgð fyrirtækja:** Fyrirtæki sem valda mikilli losun skuli skuldbundin til að draga úr losun. Til dæmis með því að setja raunhæf samdráttarmarkmið samhliða Parísarsamningnum, skila árlegum losunarskýrslum og framkvæma innra kolefnishlutleysisverkefni. Heimilt skal að beita viðurlögum eða sektum gegn þeim sem brjóta gegn þessum reglum.
- **Innheimta mengunarkostnaðar:** Tryggja að losun gróðurhúsalofttegunda fari í gegnum gjaldskrá sem endurspegli samfélagsleg áhrif (mengunarbætur eða kolefnisskatt). Við búskaparáætlanagerð skal breyta fjárhagshvötum, svo að kostnaður af loftslagsbreytingum sé ekki lagður á almenning, heldur á þá sem valda honum.
- **Vísindaleg fjárfesting:** Eyrnamerkja fjármuni í langtímarannsóknir á Atlantshafs-veltihringrásinni (AMOC), vistkerfum og loftslagsáættu. Ísland verði virkur þátttakandi í alþjóðlegu loftslagsvísindasamstarfi og noti heimild 16. gr. til að efla landsnefnd um loftslagsrannsóknir og sérfræðivinnu um AMOC.

Með þessum aðgerðum – í anda markmiða 1. og 4. gr. frumvarpsins – er hægt að festa í sessi réttlátari, gagnsærri og áhrifaríkari loftslagsstefnu. Hellnasker krefst þess að stjórnvöld beiti sér fyrir því að tekið sé fullt tillit til samfélagslegs tjóns við mótun stefnu, að fyrirtæki standi skil á eigin losun, og að loftslagsrannsóknir séu fjármagnaðar af alvöru, til að tryggja að lögin nái þeim markmiðum sem sett eru fram.

Lokaorð

Frumvarpið er mikilvægt tæki til að móta stefnu og ákvarðanir næstu ára. Þetta á ekki bara að vera rammi um markmið, heldur um grundvallarbreytingar á ábyrgð, menningu og samhæfðu átakskrafti. Hellnasker hvetur stjórnvöld til að sýna hugrekki og taka framtíðinni opnum örmum – með því að móta kerfi sem vinnur ekki gegn jörðinni, heldur með henni.

Loftslagslögin mega ekki vera draumur um 2040 – þau verða að vera verkfæri 2026



Virðingarfyllst,
f.h. Hellnaskers

Sigurpáll Ingibergsson
hellnaskerhugveita@gmail.com

Hellnasker er hópur fólks sem hefur áhuga á sjálfbærni.

Hellnasker er sker í Hornafirði sem er eins og dómsdagsklukka. Árið 1950 sást skerið ekki en hafði risið um 75 cm 1994 eða um 2 cm á ári að jafnaði. Haldi skerið áfram að rísa, þýðir það vandamál fyrir líf á jörðinni. Því er markmiðið að stöðva ris Hellnaskers. Þá stöðvast landris, súrnun sjávar og bráðnun jökla.

Ungt félag og ekki vel efnað, lifir á hugsjón einni og því ekki með vefsíðu en á samfélagsmiðlunum facebook, LinkedIn og hinum alræmda miðli X (áður Twitter).

Hellnasker Hugveita er íslensk hugveita sem einbeitt sér að sjálfbærni og umhverfismálum. Hópurinn nýtir skapandi hugsun til að leysa vandamál og þróa nýjar hugmyndir á sviði sjálfbærni. Hópurinn hefur tekið þátt í opinberri umræðu og lagt fram ábendingar varðandi aðgerðaáætlanir. Auk þess hefur félagið fjallað um mikilvægi þess að fyrirtæki kortleggi losun í virðiskeðju sinni til að ná kolefnishlutleysi. Eitt stórt risa stórt mál sem Hellnasker hefur verið að fjalla um og fræða Íslendinga er ógn af mögulegu hruni AMOC-straumsins. En efla þarf rannsóknir hér á landi til að afla nýrra þekkingar. Að lokum er nýjung sem lítið sem ekkert er fjallað um í umhverfismálum hér á landi en það er samfélagslegt tjón af völdum losunar. Félagar hafa skoðað möguleika á að sækja stjórnvöld, sérstaklega síðustu ríkisstjórn fyrir aðgerðaleysi í loftslagsmálum.

